

Dagmæður vantar

Ennþá er mikill skortur á dagmæðrum hér í borginni. Á það við um öll hverfi nema í Árbæ og mestan hluta Breiðholtshverfa, þó er vöntun á þessari þjónustu í Bakkahverfi í Neðra-Breiðholti. Þeir sem vildu sinna þessum störfum vinsamlegast hafi samband sem fyrst.

Umsjónarfóstrur með dagvist barna á einkaheimilum
Njálsgötu 9, símar: 22360 og 21596.



Íslenskar myndlistarkonar

(Fæddar 1888—1930)

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Listasafn Íslands hefur verið duglegt við sýningarhald á allra síðustu árum, sem hefur sínar eðlilegu orsakir ef tilgáta listrýnnisins telst rétt;

Starfsemi sjálfs safnsins hefur tekið æ meira rými hin síðari ár og á það í senn við stjórnsýslu og varðveislu verka er fyrir eru í geymslum. Þannig hefur sífellt þrennt að sjálfu sýningarrýminu svo að útilokað er að sýna skilmerkilegt úrval íslenzkrar listar í þeim fáu sölum sem eftir eru. Þessvegna er það vafalítið farsælasta lausnin í þeirri biðstöðu sem safnið er í, þar til það flyt í nýja húsnæðið, að sýna jafnan afmarkað úrval úr eigu þess, — ásamt því að halda áfram þeirri hefð, að efna til yfirlitssýninga á verkum núlifandi myndlistarmanna.


— Tilefni til sýninga er ávallt nóg enda telst listin til vímu-gjafa, sem þó er frábrugðin öðrum að því leyti, að neysla hans hefur einungis góð fráhvarfs-einkenni í bráð og lengd.

Í lok kvennaáratugar telst það drjúgt verkefni að lyfta undir íslenzkar listakonur með sýningum á verkum þeirra og því er það vel til fallið hjá listasafninu að heiðra þær með sérstöku sýningarframtaki.

Sýningin „Íslenskar myndlistarkonar“ (fæddar 1888—1930), hefur staðið yfir sl. tvær vikur og á að ljúka nú um helgina. Övenju stuttur sýningartími í Listasafni Íslands, en máski er það vegna þess að á eftir eigi að fylgja samskonar sýning myndlistarkvenna fæddra 1931 og síðar. Hver veit ...

Öll verkin á sýningunni eru að sjálfsögðu í eigu safnsins en þau eru 80 talsins eftir 19 listakonur. Hér er aldursforsetinn Kristín Jónsdóttir f. á Arnarnesi við Eyjafjörð, en ekki munar nema einu ári á henni og Júlíönu Sveinsdóttur f. í Vestmannaeyjum og Gunnfríði Jónsdóttur f. að Sæunnarstöðum í A-Húnavatns-sýslu. Svo er og stutt til Nínu Sæmundsson f. í Nikulásarhúsum í Fljótshlíð 1892. Þetta munu einu myndlistarkonurnar, sem fæddar eru á síðustu öld en þegar komið er fram á nýju öldina verður furðulega jafnt bil á milli fæðingarára listakvennanna, sem hafa sprottið upp með nokkuð jöfnu millibili allt til Valgerðar Árnadóttur Hafstað f. í Vík í Skagafirði árið 1930.

Fram kemur að listakonurnar koma úr öllum landsfjórðungum og telst það hagstæð útkoma fyrir landið í heild en þó hefur Reykjavík eðlilega vinninginn í fjölda einstakra listakvenna þegar frá líður. Af þessu má álykta að hæfileikar til listsköpunar séu réttlátlega dreifðir um land allt hvað konur snertir, en takmarkast ekki við afmarkað svæði svo sem oft vill verða í útlandinu. Við skoðun sýningarinnar verður fljótlega ljóst, að



allur samanburður hlýtur að vera út í loftið því að sumar listakonurnar eru öllu betur kynntar en aðrar um fjölda mynda. Eðlilega eiga þær elstu, umsvifamestu og þekktustu flestar myndir svo sem Kristín Jónsdóttir, Júlíana Sveinsdóttir og Nína Tryggvadóttir f. á Seyðisfirði 1913.

Það er mjög eðlilegt að þróun listakvennanna dregur dóm af almennri þróun myndlistar héraðs á tímasteiðinu, — landið og landslagið er aðalmyndefnið ásamt hefðbundnum innimyndum, kyrralífsmýndum og mannamyndum. Uppruninn virðist ávallt nálægur þrátt fyrir hvers konar hliðarspor — en menn athugi, að Ísland er annað og meira en einungis ytra byrði og má vísa til og minna á að mestu kraftarnir krauma í iðrum jarðar og það eru einmitt þeir sömu kraftar en hafa fætt af sér og skapað þetta andstæðurika og fagra land.

Þróunin út í óhlutbundna og byggingarfræðilega list er því mjög eðlileg svo sem við sjáum á þessari sýningu. Fjórar listakvennanna eru útlendar, þær Karen Agnete Þórarinnsson f. í Kaupmannahöfn 1903, Gréta Björnsson f. í Stokkhólmi 1908, Tove Ólafsson f. í K.höfn 1909 og Barbara Árnason f. 1911. Allar hafa þær verið virkar í íslenzkri myndlist og Tove, sem fluttist aftur til heimalands síns, er með

virtustu myndhöggvurum í Danmörku. Nokkrar listakonurnar hafa að hluta til eða öllu leyti dvalið og starfað erlendis svo sem Júlíana, Nína, Louise Matthíasdóttir f. í Reykjavík 1917, Ragnheiður Jónsdóttir Ream f. í Reykjavík 1917, Ólöf Pálsdóttir f. í Reykjavík 1920, María H. Ólafsdóttir f. á Vindheimum við Tálknafjörð 1921, Gerður Helgadóttir f. í Neskaupstað 1928 og Valgerður Árnadóttir Hafstað. Sameiginlegt við allar listakonurnar er, að þær hafa allar lært og dvalið í útöndum í lengri og skemmri tíma og sumar hafa þær verið giftar erlendum mönnum. Aðrar á sýningunni eru þær Vigdís Kristjánsdóttir f. á Korpúlfsstöðum 1904, Ásgerður Búadóttir f. í Borgarnesi 1920, Guðmundur Andréssdóttir f. í Reykjavík 1922 og Eyborg Guðmundsdóttir f. á Ísafirði 1924.

Í heild er þetta falleg sýning og einkum er fróðlegt að bera saman myndir þeirra listkvenna, er flestar myndir eiga á sýningunni og bera hana eiginlega uppi. Hins vegar eru of margar listakonur með alltof fáar myndir til þess að raunverulegur samanburður og úttekt þjóni einhverjum tilgangi. En sýningin ber þess vott hve ágætast listakonur hafa lifað og starfað héraðs og jafnframt borið hróður þjóðarinnar vítt og breitt um heimsbyggðina með listsköpun sinni og frumkvæði.



Morgunblaðið

Áskriftarsíminn er 83033